

Education at a Glance: OECD Indicators – 2005 Edition

Summary in Icelandic

Litið á menntamál: Vísar OECD – Útgáfa 2005

Útdráttur á íslensku

Menntun og símenntun leika mikilvægt hlutverk í uppbyggingu hagkerfa og samfélaga. Þetta á við um flest lengra komin hagkerfi, jafnt og þau sem í augnablikinu eru að upplifa tímabil hraðrar grósku og uppbyggingar. Mannauður er lykilþáttur í að knýja hagvöxt og bæta efnahagslega afkomu einstaklinganna, og vísbendingar fara vaxandi um áhrif þeirra á afkomu sem ekki tengist efnahag, þar með talið heilsu og vera talinn með félagslega.

Litið á menntamál 2005 býður upp á fjölskrúðugt, sambærilegt, og samtímalegt safn vísbendinga um getu menntakerfa. Þó að OECD ríkin 30 séu í brennidepli, fjalla vísbendingarnar einnig í auknum mæli um samstarfsríki. Vísbendingarnar rannsaka þátttöku í menntun, hverju eytt er í hana, hvernig menntun og námskerfi vinna, og breitt svið niðurstaðna.

Meðal nýs efnis má nefna: kynningu á niðurstöðum skoðanakönnunar Áætlunar um alþjóðlegt nemendamat 2003 (Programme for International Student Assessment (PISA)) í Vísbendingum A4, A5 og A6, sem beinir sjónum að getu 15 ára nemenda í stærðfræði; gögn um tekjudreifingu eftir menntunarstigi í Vísbendingu A9; merki um óefnahagslegar niðurstöður menntunar í Vísbendingu A10; samanburð á þátttöku fólks á vinnumarkaði í áframhaldandi menntun og þjálfun í Vísbendingu C6; greiningu á námstíma nemenda utan skóla í Vísbendingu D1; gögn um áhrif stöðu skóla (opinberra eða einka) á getu nemenda í Vísbendingu D5; og í Vísbendingu D6 eru gögn um hvort framhaldsskólakerfi greini á milli nemenda þegar nám er skipulagt, og hvaða áhrif það hafi á getu nemenda.

Lykilniðurstöður þessarar útgáfu eru sem hér segir:

Fleira fólk er lengur í námi en útskriftarhlutfall af háskólastigi er mjög breytilegt

Menntunarstig fullorðinna íbúa OECD ríkjanna heldur áfram að aukast, keyrt áfram af auknum fjölda ungs fólks sem lýkur námi af framhalds- og háskólastigi. Fullorðnir á aldrinum 25 til 64 ára ljúka nú að meðaltali námi sem tekur rúmlega 12 ár, um það bil jafngildi framhaldsskólagöngu. Fyrir ungt fólk sem nú er að ljúka námi sínu er framhaldsskólaganga orðin viðtekin, þar sem yfir 70% ná þessu stigi í öllum nema fjórum OECD ríkjum sem gögn eru til um, og að meðaltali öðlast þriðja hvert ungmenni í OECD ríkjunum æðri menntun á háskólastigi (gerð A).

Vísbendingarnar í *Litið á menntamál 2005* sýna einnig að:

- Mörg OECD ríki, þar sem stór hópur hefur látið hjá líða að ljúka framhaldsnámi, vinna nú ört á hvað varðar lok framhaldsskólanáms. Um helmingur þeirra sem fæddust á sjötta áratuginum í Belgíu, Frakklandi, Grikklandi, Írlandi og Kóreu lauk ekki framhaldsskóla, en á milli 72% og 97% þeirra sem fæddust á áttunda áratuginum hafa lokið framhaldsskóla. Minni líkur eru enn á að ungt fólk í Mexíkó, Portúgal og Tyrklandi ljúki framhaldsskóla en ungmenni í öðrum ríkjum.
- Framrás útskriftarhlutfalls af háskólastigi hefur verið ójafnara en af framhaldsstigi. Heildarfjöldi útskrifaðra í OECD ríkjunum hefur að miklu leyti vaxið vegna aukningar í nokkrum ríkjum. Núverandi útskriftarhlutfall er á bilinu frá undir 20% í Austurríki, Þýskalandi, Tékklandi og Tyrklandi, til meira en 40% í Ástralíu, Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Póllandi. Slíkur munur tengist mismunandi menntunarkerfum á háskólastigi. Hátt útskriftarhlutfall er algengara í ríkjum með sveigjanlegri samsetningu gráða.
- Konur ljúka bæði framhalds- og háskólastigi á meiri hraða en karlar í flestum ríkjum. Samt sem áður hneigjast konur síður til stærðfræði og raungreina í framhaldsskóla og eru ólíklegri til að taka próf í þessum greinum á háskólastigi.
- Ný endurskoðuð gögn sýna að á hverjar 100.000 starfandi manneskjur er fjöldi útskriftarnema úr raungreinum á bilinu frá undir 700 í Ungverjalandi, til meira en 2.200 í Ástralíu, Bretlandi, Finnlandi, Frakklandi, Írlandi og Kóreu.

Geta nemenda er mjög breytileg innan ríkja og eftir ríkjum, í námskrártengdum fræðigreinum eins og stærðfræði, og í hæfileikum nemenda til að leysa vandamál

Árið 2003 skýrði PISA í annað skipti frá þekkingu og færni 15 ára nemenda þar sem sjónum var beint að stærðfræði. Af OECD ríkjum sýndu nemendur frá Finnlandi, Kóreu, Hollandi og Japan bestu heildargetuna í stærðfræði. Mikið af þeim samanburði sem leiddi mest í ljós varðaði uppsprettu mismunar meðal nemenda innan hvers ríkis, þar með talið að hve miklu leyti nemendur í mismundandi skólum standa sig misjafnlega. Meðal lykilniðurstaðna könnunarinnar:

- Að minnsta kosti fimmti hver nemandi í Ástralíu, Belgíu, Finnlandi, Hollandi, Japan, Kanada, Kóreu, Nýja Sjálandi og Sviss er fær í flóknum stærðfræðiverkefnum. Þetta er vísbending um að í þessum ríkjum sé hópur fólks með stærðfræðikunnáttu á háu

stigi sem er líklegur til að leika mikilvægt hlutverk í að þróa áfram þekkingariðnaðinn.

- Mikill meirihluti nemenda í OECD ríkjum hefur að minnsta kosti grundvallarkunnáttu í stærðfræði en hlutfall þeirra sem skortir slíka kunnáttu mjög breytilegt: frá undir 10% í Finnlandi og Kóreu til meira en 25% í Grikklandi, Ítalíu, Mexíkó, Portúgal og Tyrklandi. Þetta er vísbending um hversu margir nemendur eru líklegir til að mæta alvarlegum vandamálum við notkun stærðfræði í framtíðinni.
- Að meðaltali skýrir mismunur á árangri í skóla um þriðjung af mismuninum á getu nemenda í stærðfræði innan hvers ríkis. Nokkur ríki ná góðum árangri í skólum, með litlum mun eftir skólum. Í Finnlandi stafa innan við 5 prósent af mismunandi getu nemenda eftir skólum og í Danmörku, Íslandi, Kanada og Svíþjóð 17 prósent eða minna.

Hægt er að mæla hreina arðsemi menntunar með hliðsjón af atvinnuhorfum einstaklinga, tekjum einstaklinga og heildarvexti hagkerfisins.

Fjárfesting í menntun hefur í för með sér bæði einstaklingsbundna og sameiginlega umbun. Fullorðið fólk sem er betur menntað er líklegra til að vinna, og þéna meira að meðaltali þegar svo er. Þessi áhrif eru mismunandi eftir ríkjum og menntunarstigum. Sérstaklega sterk atvinnuáhrif eiga við um karla án framhaldsskólamenntunar, sem eru mun ólíklegri til að vinna en þeir sem hafa lokið þessu stigi. Skörpustu tekjuáhrifin virðast vera milli þeirra sem hafa menntun á háskólastigi og þeirra sem hafa aðeins lokið framhaldsskóla, eða framhaldsmenntun sem ekki er á háskólastigi. Erfiðara er að mæla nákvæmlega heildaráhrif á hagkerfið en vísbendingarnar sýna skýr áhrif mannauðs á framleiðni og hagvöxt. Sérstakar vísbendingar sýna að:

- Einkum og sér í lagi er ólíklegt að konur með lágt menntunarstig séu í vinnu, bæði í samanburði við karla með lágt menntunarstig og konur með hærra menntunarstig. Þetta er sérstaklega áberandi í Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Mexíkó, Spáni og Tyrklandi, þar sem innan við 40% af konum á aldrinum 25 til 64 ára sem ekki hafa lokið framhaldsskóla eru í vinnu, í samanburði við meira en 70% karla með sambærilega menntun. Mikill meirihluti kvenna með mikla menntun í þessum ríkjum er í vinnu: að minnsta kosti 70% þeirra sem hafa menntun á háskólastigi, 63% í Tyrklandi.
- Ný gögn um tekjur sýna að fyrir utan mismun á meðaltekjum vegna menntunarstigs er dreifing tekna meðal fólks með sama menntunarstig breytileg eftir ríkjum. Til dæmis þéna tiltölulega fáir einstaklingar í ríkjum eins og Belgíu, Frakklandi, Lúxemborg og Ungverjalandi minna en helming meðaltekna þegar öll menntunarstig eru tekin saman.
- Aukin framleiðni vinnuafls skýrði að minnsta kosti helminginn af vexti vergrar landsframleiðslu á íbúa í flestum OECD ríkjum frá 1990 til 2000. Áætluð langtímaáhrif eins viðbótarárs í menntun á efnahagsleg afköst á OECD svæðinu teljast almennt á milli 3 og 6%. Einnig er tekið tillit til merkja um áhrif menntunar á heilsu og félagslega samheldni.

Útgjöld til menntunar aukast, en ekki alltaf eins hratt og verg landsframleiðsla

OECD ríkin eru að víkka út umfang menntunarkerfa sinna en reyna á sama tíma að hafa hemil á kostnaðarbyrði aðþrengdra opinberra fjárlaga. Þrýstingur úr ýmsum áttum hefur kallað fram breytilegar stefnur. Í menntun á háskólastigi, þar sem fjöldi nemenda eykst hvað hraðast, er mestur þrýstingurinn á að skera niður kostnað á einingu. Í grunn- og framhaldsmenntun, þar sem lýðfræði veldur í sumum tilfellum fækkun skráninga aukast útgjöld á nemanda í næstum öllum ríkjum. Sérstaklega:

- Útgjöld á hvern nemanda sem ekki er á háskólastigi, jukust um 30% eða meira milli árána 1995 og 2002 í Ástralíu, Grikklandi, Írlandi, Nýja Sjálandi, Portúgal, Póllandi, Spáni og Tyrklandi. Í sumum öðrum ríkjum jukust þau um innan við 10% og í Svíþjóð lækkuðu þau lítillega.
- Í menntun á háskólastigi hafa útgjöld á nemanda í sumum tilfellum lækkað um meira en 10%, þar sem útgjaldastig hefur ekki haldið í við aukinn fjölda nemenda. Þetta hefur gerst í Póllandi, Slóvakíu og Tékklandi, þar sem innritunum hefur fjölgað hratt; og í Ástralíu og Svíþjóð, þar sem þær hafa aukist hægar. Á Grikklandi, Spáni, Sviss og Tyrklandi hafa útgjöld á nemanda í námi á háskólastigi aukist um meira en 30%.
- Í aðeins helmingi ríkjanna hélt heildarvöxtur tilkostnaðar við menntun að minnsta kosti í við vöxt vergrar landsframleiðslu milli árána 1995 og 2002. Á Írlandi, þar sem verg landsframleiðsla óx sérstaklega hratt, uxu útgjöld til menntastofnana annarra en á háskólastigi aðeins um helming af vexti landsframleiðslu þrátt fyrir að útgjöld vegna háskólastigsins héldu nærri því í við verga landsframleiðslu. Útgjöld til menntastofnana á grunn- og framhaldsstigi uxu meira en tvöfalt hraðar en verg landsframleiðsla á Nýja Sjálandi og í Tyrklandi, og á háskólastigi á Grikklandi, Ítalíu, Japan, Mexíkó, Póllandi, Sviss, Tyrklandi og Ungverjalandi.

Einkaútgjöld til menntunar eru umtalsverð á sumum svæðum en framlög til menntunar koma enn að miklu leyti af opinberum fjárlögum

Í dag stendur opinber fjármögnun straum af flestum útgjöldum menntastofnana, þar sem meira en 90% af útgjöldum á grunn- og framhaldsstigi í OECD ríkjum er greiddur þaðan. Á háskóla- og forskólastigi er einkafjármögnun mikilvægari, sérstaklega í ákveðnum ríkjum. Á undanförunum árum hefur opinberum útgjöldum til menntunar í flestum ríkjum staðið ógn af lækkun þess hundradshluta vergrar landsframleiðslu sem varið er í heild til opinberra útgjalda. Vaxandi úthlutun framlaga af þessu fjármagni til menntunar hefur hjálpað til við að draga úr áhrifunum. Vísbendingar um opinber- og einkaútgjöld sýna að:

- Það hlutfall fjármögnunar menntunar á háskólastigi sem kemur frá einkaaðilum er mjög breytilegt, frá undir 4% í Danmörku, Finnlandi, Grikklandi og Noregi til meira en 50% í Ástralíu, Bandaríkjunum og Japan, og jafnvel meira en 80% í Kóreu.
- Í sumum ríkjum reiða stofnanir á háskólastigi sig meira á einkafjármögnun, svo sem skólagjöld, en þær gerðu um miðjan tíunda áratuginn. Einkaframlög jukust um meira en fimm prósentustig í Ástralíu, Bretlandi, Mexíkó, Portúgal, Slóvakíu og Tyrklandi frá 1995 til 2002. Í grunn- og framhaldsmenntun hefur hlutur opinberra- og einkaútgjalda að mestu leyti haldist óbreyttur.

- Í OECD ríkjunum lækkuðu að meðaltali opinber fjárlög miðað við verga landsframleiðslu; opinber útgjöld til menntamála uxu sem hlutfall af þessum fjárlögum, en hægar en verg landsframleiðsla. Í Danmörku, Nýja Sjálandi og Svíþjóð urðu sérstaklega mikilsverð umskipti í opinberri úthlutun til menntunar.

Væntanleg skólaganga heldur áfram að aukast og flest ungmenni búast nú við því að takast á við einhverja háskólastigsmenntun á ævinni.

Í flestum OECD ríkjum getur nú fimm ára gamalt barn búist við að takast á við milli 16 og 21 námsár á ævinni ef núverandi þátttökumynstur helst áfram. Væntanleg skólaganga sem mæld er á þessum forsendum hefur aukist í hverju ríki síðan 1995, þar sem þátttaka hefur aukist á forskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Á grundvelli núverandi mynsturs munu að meðaltali 53% ungmenna takast á við að minnsta kosti einhverja framhaldsmenntun á háskólastigi eða jafngildi hennar.

Vísbindingarnar sýna að:

- Væntanleg námsár barns sem var fimm ára árið 2003 nema meira en 16 árum í öllum ríkjum nema Lúxemborg, Mexíkó, Slóvakíu og Tyrklandi, og eru flest í Ástralíu, Belgíu, Bretlandi, Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð, milli 19 og 21 ár.
- Í Bretlandi, Grikklandi, Íslandi, Kóreu, Póllandi, Svíþjóð, Tékklandi, Tyrklandi og Ungverjalandi óx væntanleg skólaganga um meira en 15% frá 1995 til 2003.
- Miðað við núverandi þátttökuhlutfall, munu 53% ungmenna dagsins í dag í OECD ríkjunum nema á háskólastigi eða jafngildi þess. Um 16% munu fara í annað nám á háskólastigi (gerð B) – en hjá þessum tveimur hópum er einhver skörun. Í Ástralíu, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Nýja Sjálandi, Póllandi, Svíþjóð og Ungverjalandi munu meira en 60% ungmenna fara í A-gerð háskólanáms. Önnur form menntunar á háskólastigi eru algengust í Kóreu og Nýja Sjálandi, þar sem yfir helmingur ungs fólks getur búist við að taka þátt í B-gerð náms á háskólastigi.

Nemendur sem fara yfir landamæri eru fulltrúar eiginleika í innritun náms á háskólastigi sem eru að vaxa og breytast

Árið 2003 voru 2,12 milljónir þeirra sem stunduðu nám í OECD ríkjunum erlendir nemendur, þ.e. innritaðir utan heimalands síns. Þetta merkti 11,5% aukningu frá fyrra ári í heildarskráningu erlendra nemenda sem tilkynntir voru til OECD. Eftirtektarverðast er:

- Að Bandaríkin, Bretland, Þýskaland, Frakkland og Ástralía taka við 70% erlendra námsmanna í OECD ríkjunum. Síðan 1998 hefur hlutur Ástralíu aukist, en Bretlands og Bandaríkjanna minnkað.
- Í hreinum fjölda eru námsmenn frá Kóreu, Japan, Þýskalandi, Frakklandi, Grikklandi og Tyrklandi meginuppistaða inntökunema frá OECD ríkjunum. Námsmenn frá Kína, Indlandi og Suðaustur-Asíu mynda mestan fjölda erlendra nemenda frá samstarfsríkjum.

Ungt fólk sameinar vinnu og nám á mismunandi hátt, en umtalsverður fjöldi eyðir tímanum í hvorugt

Tilfærslan frá skyldunámi til atvinnu getur dregist mjög á langinn í OECD ríkjunum, af því að vegna vinnu teygist oft úr náminu. En námsmenn sem ná þrítugsaldri án þess að ljúka námi eru í verulegri hættu:

- Þeir sem eru ekki með að minnsta kosti framhaldsskólamenntun eiga atvinnuleysi frekar á hættu. Í Belgíu, Þýskalandi, Póllandi, Slóvakíu og Tékklandi eru meira en 15% 25 til 29 ára án framhaldsskólaréttinda atvinnulausir.
- Í sumum ríkjum eyðir ungt fólk umtalsverðum tíma hvorki í nám né störf (atvinnulaust eða utan vinnumarkaðar). Meðaltíminn sem fólk á aldrinum 15 til 29 ára eyðir í þessari stöðu er meiri en tvö ár í Bandaríkjunum, Belgíu, Grikklandi, Ítalíu, Mexíkó, Póllandi, Slóvakíu, Spáni, Tékklandi, Tyrklandi og Ungverjalandi.
- Í sumum ríkjum eru nám og vinna að miklu leyti samfelld, í öðrum ríkjum eru þau samhliða. Vinnu-náms-leiðir sem eru tiltölulega algengar í Evrópuríkjum, bjóða upp á skipulagðar verknámsleiðir að viðurkenndum atvinnuréttindum. Í öðrum ríkjum tengjast upphaflegt nám og vinna sjaldan.

Kennsluálag er hægt að mæla, ekki bara með þeim fjölda klukkustunda sem börn læra og í hve stórum bekkjum, heldur einnig með námi utan kennslustofunnar

Á skólaskylduárum er sláandi hvað kennsluálag er breytileg eftir ríkjum. Nemendur geta fengið 50% meiri tíma í kennslu og verið í bekkjum sem eru talsvert meira en 50% stærri í einu ríki en öðru. En það fer ekki allt fram í kennslustofunni, og ný gögn frá PISA sýna að námstími utan bekkjarins er einnig verulega breytilegur. Meðal niðurstaðna um kennslu og námsálag:

- Heildarfjöldi kennslustunda sem nemendum á aldrinum 7 til 14 ára eru ætlaðar er að meðaltali 6.852 klukkustundir í OECD ríkjunum. Formlegar kröfur eru á bilinu frá 5.523 klukkustundum í Finnlandi til um 8.000 klukkustunda í Ástralíu, Hollandi, Ítalíu og Skotlandi.
- Þegar 15 ára gamlir nemendur voru í PISA 2003 könnuninni spurðir um nám utan skólastofunnar svöruðu þeir mjög mismunandi eftir ríkjum. Nám í skólastofu umhverfi tekur til 80% af heildarskólatengdu námi í Austurríki, Belgíu, Íslandi, Japan, Noregi, Portúgal, Svíþjóð, Sviss og Tékklandi, en nemendur á Grikklandi segjast hins vegar eyða meira en 40% námsins í öðru umhverfi, þar með talið heimavinnu og kennslu utan skólans.
- Meðal-bekkjarstærð á unglingsstigi er 24 nemendur, en hún er breytileg, frá 30 og upp úr í Japan, Kóreu og Mexíkó, til innan við 20 í Danmörku, Íslandi og Sviss.
- Í þeim tíu OECD ríkjum sem gögn ná yfir, eru að meðaltali 30% starfsliðs í grunn- og framhaldsskólum ekki kennarar, þá á bilinu frá innan við 20% í Kóreu og Nýja Sjálandi til meira en 40% í Frakklandi og Tékklandi.

Laun kennara og samverutími eru mjög breytileg eftir ríkjum, og launafyrirkomulagið er í sumum tilfellum að breytast

Ef miðað er við verga landsframleiðslu á íbúa eru laun kennara í sumum ríkjum meira en tvöfalt hærra en í öðrum. Vinnutími kennara er einnig mjög mismunandi eftir ríkjum. Framboð og eftirspurn eru áhrifaþættir. Vísbendingarnar sýna að:

- Mánaðarlaun kennara á unglingsstigi á miðjum starfsaldri eru meira en tvisvar sinnum hærra en verg landsframleiðsla á íbúa í Kóreu og Mexíkó en á Íslandi og Slóvakíu eru mánaðarlaun aftur á móti undir 75% af vergri landsframleiðslu á íbúa.
- Árlegur fjöldi kennslustunda á unglingsstigi er á bilinu frá 535 í Japan til meira en 1.000 stunda í Bandaríkjunum og Mexíkó, og mismunurinn svipaður á öðrum stigum.
- Miðað við tímakaup fá kennarar miklu betri laun á framhaldsskólastigi en á grunnskólastigi. Mánaðarlaun framhaldsskólakennara, miðað við kennslustund, eru 80% hærra en grunnskólakennara í Hollandi og á Spáni, en innan við 5% hærra í Bandaríkjunum, Nýja Sjálandi, Póllandi og Slóvakíu.
- Löngunin til að laða að nýja kennara getur frá 1996 hafa flýtt meira fyrir hækkun byrjunarlauna en annarra launa kennara í Ástralíu, Danmörku, Englandi, Finnlandi og Skotlandi. Mánaðarlaun á miðjum starfsaldri hafa hækkað tiltölulega hratt í Austurríki, Hollandi, Japan, Nýja Sjálandi og Portúgal. Á Nýja Sjálandi hafa hæstu mánaðarlaun einnig hækkað hraðar en byrjunarlaun en þar sem það tekur aðeins átta ár að ná launatoppnum er þetta í samræmi við hvata til nýrra kennara um að ráða sig.

Mismunandi gerðir skóla og skólakerfa starfa á mismunandi hátt, en túlka verður varlega áhrif þessarar mismunandi uppbyggingar

Samkvæmt PISA 2003 könnuninni á stærðfræðigetunni 15 ára nemenda greindist marktækur munur á getu nemenda í opinberum- og einkaskólum, og nokkur mismunur á útkomu í framhaldsnámskerfum, með meiri eða minni aðgreiningu á flokkun nemenda. Meðhöndla verður slíkan samanburð af gætni. Helstu niðurstöðurnar voru að:

- Einkaskólar skara almennt fram úr opinberum skólum. Nemendur í einkaskólum fá að meðaltali 33 stigum hærra á stærðfræðikvarðanum, um það bil hálf tæknistig. Mesti munurinn er í Þýskalandi (66 stig). Hins vegar hafa einkaskólarnir ekki lengur yfirburði þegar félagshagfræðilegir þættir eru að fullu teknir með í reikninginn.
- Nemendur í aðgreindari og valkvæðari menntakerfum standa sig að meðaltali lítillega lakar en þeir sem eru í almennari kerfum en það er ekki tölfræðilega marktækt. Aðgreindari kerfi sýna mun meiri mismun á getu nemenda frá einum skóla til annars, og einnig þegar börn eru saman nemendur með betur og verr sett fjölskylduumhverfi.

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

